

Afbrotatölfræði

Mars 2007

Bráðabirgðatölur fyrir allt landið




RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Í marsmánuði voru hegningarlagabrot 1.087 sem er svipaður fjöldi og í mars 2005. Brotin voru heldur færri 2006 en fleiri á árunum 2003 og 2004. Umferðarlagabrot voru fleiri í mars 2007 en síðustu tvö ár en brotin voru fleiri 2003 og 2004. Fjöldi fíkniefnabrota hefur farið vaxandi frá árinu 2003 en 167 brot voru framin í mars 2007.


Í mars 2007 áttu 38% fíkniefnabrota sér stað á nóttunni og 31% frá klukkan sex síðdegis fram að miðnætti. Hlutfall hegningarlagabrota skiptist hins vegar jafnar yfir sólarhringinn en flest voru framin milli tólf á hádegis og sex síðdegis. Flest umferðarlagabrot eru einnig framin á þeim tíma.

Hraðakstursbrot voru 2.409 sem er fækkun frá því í fyrra en fjölgun frá því í mars 2005 eins og sjá má í töflu eitt. Þjófnaðarbrot og innbrot voru fleiri í mars 2007 samanborið við 2006 en færri en árið 2005. Fjöldi skráðra eignaspjalla var 314 sem er rúm þriðjungsfjölgun frá því í fyrra. Áfengisлага- og ölvunarakstursbrotum fjölgaði í mars 2007 samanborið við tvö síðustu ár. Þá voru 50% fleiri líkamsmeiðingar tilkynntar í mars 2007 en árið 2006.

Flest þjófnaðar- og innbrot voru framin á miðvikudögum og sunnudögum í mars. Um 14 eignaspjöll, 12 ölvunarakstursbrot og 10 fíkniefnabrot voru framin að meðaltali á laugardögum. Flestar líkamsmeiðingar áttu sér stað á sunnudögum.




Mynd 1. Fjöldi brota í mars 2003-2007 eftir tegund brots



Mynd 2. Hlutfall brota eftir tíma sólarhrings í mars 2007

Tafla 1. Fjöldi í helstu brotaflokkum í mars 2005, 2006 og 2007

	mar.07	mar.06	mar.05
Of hraður akstur	2.409	2.537	2.014
þjófnaður	267	228	289
Eignaspjöll	314	232	240
Innbrot	197	161	235
Ölvun við akstur	199	137	139
Fíkniefnabrot	167	158	131
Akstur gegn rauðu ljósi	77	102	112
Áfengislagabrot	149	106	109
Líkamsmeiðingar	112	73	95
Nytiastuldur	21	22	27



Mynd 3. Meðalfjöldi brota á dag í mars 2007 eftir vikudögum

27.04.2007

Umsjón: Guðbjörg S. Bergsdóttir guðbjorgs@rls.is

Pétur Berg Matthíasson petur@rls.is

www.rls.is

Bls. 1

Afbrotatölfræði

Mars 2007

Bráðabirgðatölur fyrir allt landið



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Tafla 2. Fjöldi brota í mars 2005, 2006 og 2007 eftir umdæmum

Umdæmi	Hegningarlagabrot			Umferðarlagabrot			Fíkniefnabrot		
	2007	2006	2005	2007	2006	2005	2007	2006	2005
Akranes	16	14	12	150	181	68	3	3	2
Akureyri	83	52	63	242	369	198	5	12	11
Blönduós	5	1	3	94	240	260	1	0	1
Borgarnes	14	10	4	152	154	84	2	5	1
Eskifjörður	12	6	12	178	79	68	0	2	1
Húsavík	4	3	15	42	17	25	1	0	0
Hvolsvöllur	2	3	1	64	49	116	0	1	0
Höfuðborgarsvæðið	823	677	812	2.755	2.395	1.917	116	108	81
Ísafjörður	14	13	21	32	32	54	6	1	1
Sauðárkrókur	2	3	10	98	27	102	2	0	1
Selfoss	37	43	33	335	450	245	5	12	15
Seyðisfjörður	8	3	2	98	31	21	0	1	1
Snæfellsnes	1	2	2	49	45	93	0	0	1
Suðurnes	55	60	73	348	400	290	25	13	12
Vestmannaeyjar	11	12	15	18	15	31	1	0	3
Alls	1.087	902	1.078	4.655	4.484	3.572	167	158	131

Í töflu 2 má sjá heildarfjölda hegningarlagabrota, umferðarlagabrot og fíkniefnabrota á árunum 2005-2007 eftir embættum.

Skráðum hegningarlagabrotum í mars hefur fækkað síðastliðin þrjú ár á Sauðárkróki, Suðurnesjum og í Vestmannaeyjum. Hins vegar hefur umferðarlagabrotum farið fjölgandi í mars frá árinu 2005 á Eskifirði, höfuðborgarsvæðinu og Seyðisfirði.

Fíkniefnabrot í mars 2007 voru fleiri en í mars árið á undan á Blönduósi, Húsavík, höfuðborgarsvæðinu, Ísafirði, Sauðárkróki, Suðurnesjum og í Vestmannaeyjum.

Aðferðir og gögn

Hér eru birtar upplýsingar um stöðu brota eins og þau voru í málaskrá lögreglu þann 13. apríl 2007 og eru tölur fyrir árin 2006 og 2007 bráðabirgðatölur.

Í byrjun árs 2005 tók lögreglan í notkun nýtt skráningarkerfi. Þetta skiptir máli þegar fjöldi brota árið 2005 er borinn saman við fjölda brota 2006 og 2007.

Við samantekt tölulegra upplýsinga eru tilgreind öll brot sem tilkynnt voru lögreglunni að frátöldum þeim sem reynast við nánari athugun ekki vera brot. Hafa ber í huga að eitt atvik getur falið í sér fleiri en eitt brot. Til dæmis getur maður sem er stöðvaður vegna umferðarlagabrots fengið í sama máli kærur fyrir fíkniefni sem fundust í fórum hans.